

	Markmið	Kennsluaðferðir og skipulag	Matstæki og aðferðir við mat	Viðmið um árangur
Texti og upplestur	Nemandinn: <ul style="list-style-type: none"> • Viðhaldi lestrarfærni sinni. • Þjálfist í mismunandi lestrarlagi. • Kunni flestar stafsetningarreglur. • Geti byggt upp texta með ólíku sniði eftir viðfangsefnum. • Geti kynnt verkefni og flutt mál sitt á áheyrilegan hátt. • Geti sett sér markmið og áætlun um val á lesefni. 	<ul style="list-style-type: none"> • Yndislestur í skólanum. • Upplestur – framsögn og tjáning. • Leiklestur. • Gagnvirkur lestur. • Hlustað á upplestur. • Innlagnir, leiðsögn. • Skáldakynningar. • Ritunarvinna. • Kvikmyndir. • Heimildavinna. • Leiðbeinandi og uppbyggileg gagnrýni á markmiðssetningu og áætlun. 	<ul style="list-style-type: none"> • Lesfímipróf fyrir alla að hausti og vori. • LOGOS í lok 8. bekkjar. • Hljóðlestrarpróf. • Lesskilningspróf fyrir alla tvisvar á vetri. • GRP14 lagt fyrir í 9. bekk. 	<ul style="list-style-type: none"> • 300 atkvæði á mínútu í lesfími. • 200 orð á mínútu í hljóðlestri.
Viðhorf	Nemandinn: <ul style="list-style-type: none"> • Lesi krefjandi lesefni sér til ánægju. • Lesi krefjandi efni sér til upplýsingar og til að leita svara. • Láti ekki deigan síga við lestur þungs texta. • Átti sig á mikilvægi þess að lesa sér til gagns og ánægju. 	<ul style="list-style-type: none"> • Yndislestur heima. • Rithöfundakynningar. • Umræða um bókmenntir. • Foreldrar hvattir til þess að fylgjast með og kvitta fyrir heimalestur nemenda og ræða um lesefnið. • Heimsóknir á Bæjarbókasafn. • Fyrirlestrar, kynningar. 		
Aðferðir og færni	Nemandinn: <ul style="list-style-type: none"> • Safni, greini og nýti sér upplýsingar úr gröfum, línurítum, töflum og kortum. • Nái tókum á hraðlestri, leitarlestri og nákvæmnislestri. • Kunni að beita gagnvirkum lestri og notfæri sér hann. • Beiti mismunandi lestraraðferðum. 	<ul style="list-style-type: none"> • Samþætting við aðrar greinar. • Nemandinn yfirfæri aðferðir, eins og gagnvirkan lestur, á aðrar námsgreinar. • Hraðlestrarnámskeið í 8. bekk. 		Lesi a.m.k. 1200-1500 bls. yfir veturinn í bókum sem hæfa getu nemandans. Kjörbókarritgerðir.
Skilningur og viðbrögð	Nemandinn: <ul style="list-style-type: none"> • Átti sig á mismunandi markmiðum höfundar, t.d. fræðslu, skemmtun eða áróðri. • Skilji helstu bókmenntahugtök. • Þekki og geti notað algeng hugtök í bragfræði. • Segi skoðun sína og rökstyðji í samræðum. • Auki skilning á bókmenntatexta með því að tengja hann við aðra texta og eigin reynslu. • Leggi mat á trúverðugleika texta, net- og fjölmiðlaefnis, og taki gagnrýna afstöðu til þess. • Greini aðalatriði úr texta. • Geti samið spurningar fyrir og eftir lestur texta. 	<ul style="list-style-type: none"> • Ritunarvinna. • Nemendakynningar. • Leiðbeinandi og greinandi leiðsögn kennara. • Ritgerðasmíð og heimildavinna. • Hafa markmið og leiðir sýnileg fyrir nemendur, t.d. á veggjum. 		Nemendur í 8. bekk geti skrifað 200 orða ritgerð, í 9. bekk 250 orð og í 10. bekk 300 orð, sem uppfylli helstu viðmið um góða ritun.